



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis,
150 Reykjavík

Reykjavík 03.12. 2015

Efni : Umsagnir um frumvörp um breytingar á höfundalögum

Félag íslenskra hljómlistarmanna stofnað 1932 eru samtök atvinnuhljómlistarmanna sem telja rúmlega 600 einstaklinga á öllum sviðum tónlistar. Félagið er aðili að SFH, IHM og BÍL.

Fyrir Alþingi hafa nú að nýju eftirfarandi þrjú frumvörp verið lögð fram:

1. Frumvarp til laga um breyting á höfundalögum nr. 73/1972, (innleiðing tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/28/ESB um tiltekna leyfilega notkun á munaðarlausum verkum), mál nr.333,
2. Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með áorðnum breytingum, (Lenging verndartíma hljóðrita.), mál nr. 334
3. Frumvarp til laga um breyting á höfundalögum nr. 73/1972, með áorðnum breytingum,(endurskoðun höfundalaga – einkaréttindi höfunda og samningskvaðir), mál nr. 362

Öll þessi frumvörp hafa í för með sér réttarbætur fyrir notendur, neytendur og hljómlistarflytjendur. Það frumvarp sem einkum varðar réttindi hljómlistarflytjenda og aðra réttihafa er frumvarpið um lengingu verndartíma. Mjög brýnt er að afgreiða það frumvarp nú á haustþingi bæði vegna efnis frumvarpsins og til að forðast eftirmála af hálfu EFTA vegna dráttar á afgreiðslu málsins.

Stjórn FÍH styður eindregið að öll þessi frumvörp verði lögfest á yfirstandandi haustþingi.

Virðingarfyllt

F.h. FÍH

Björn Th. Arnason formaður FÍH